

Hraunblóm

Lavaens blá blomst

Bakgrunnur sýningarinnar

Í upphafi 20 aldar uppgötuvuðu listamenn, með Picasso í broddi fylkingar, kynngimögnun í list hinna svokölluðu frumstæðu þjóða, til dæmis í Afríku og meðal Indjána suður og norður Ameríku. Birtist hún í tótemsúlum, grímum og dýramyndum sem vísuðu til náttúruaflanna eða annarra æðri máttarvalda. Í verkum þessum skynjuðu þeir djúpar tilfinningar og upprunalegt, frumstætt tjáningarform og sjálfir þráðu listamennirnir hið frumstæða óspillta mannlíf sem siðmenningin hafði ekki raskað. Þeir trúðu því að sérhver maður hefði meðfæddar skapandi gáfur sem mikilvægt væri að leysa úr læðingi og leyfa að blómstra. Þessi stefna, sem nefnd var *primitivismi*, tengdist einnig áhuga listamanna á sálgreiningu Sigmund Freud sem náði til hins ómeðvitaða í mannshuganum. Aðrir listamenn, sem fengu nafnið *súrrealistar*, tóku þessa hugmynd upp og unnu áfram með ósjálfráða teikningu og sjálfsprottna myndmótun.

Í framhaldi af þessu vaknaði einnig áhugi listamanna á teikningum barna, hvernig þau tjáðu sig óheft og frjálst. Sú mikla merking sem lögð var í barnateikningar varð til þess að margir listamenn reyndu að vinna út frá myndmáli barna, þeir nálguðust verkefnið með huga barnsins og beinlínis rannsökuðu aðferðir þeirra við að teikna. Árangurinn af þessari viðleitni listamanna birtist í sterkum formum og litum og oftast leyndist í verkunum mikil lífsgleði.

Í Danmörku varð þetta áberandi í myndlist í lok fjórða áratugs síðustu aldar og blómstraði á stríðsárunum 1940–1945 meðan Danir voru hersetnir af nazistum. Þrátt fyrir styrjöldina - eða ef til vill vegna grimmdar hennar - skópu þessir framúrstefnulistamenn sinn eigin heim þar sem þeir tjáðu bæði hið óspillta og hið saklausa, en þeir tjáðu einnig grimmdina eins og til dæmis má sjá í myndum Carl-Henning Pedersen af *Helhesten*.

„Í listum á allt að vera leyfilegt, bara að það sé gert í alvöru og einlægni“ var haft eftir Svavari Guðnasyni árið 1953, og lýsir því viðhorfi sem var algengt meðal framúrstefnulistamanna í Danmörku á fjórða og fimmta áratug síðustu aldar. Ásamt öðrum framúrstefnulistamönnum eins og Carl-Henning Pedersen, Asger Jorn og fleirum, vann Svavar

að útgáfu tímaritsins *Helhesten* sem kom út í Kaupmannahöfn á árunum 1941 – 44 og var mikilvægt málagn mennta- og listamanna þess tíma. *Helhesten* er þjóðsagnarminni í Danmörku sem vísar til dauðahestsins þrífætta og var það talinn feigðarboði að mæta honum. Nafngift tímaritsins má tengja andstöðunni við hernám Danmerkur og stríðsrekstur nazista.

Að stríði loknu beitti danski málariinn Asger Jorn sér fyrir því að stofna samtök listamanna frá Danmörku, Belgíu og Hollandi undir heitinu COBRA (skammstöfunin táknar höfuðborgirnar, Copenhagen - Bruxelles - Amsterdam) sem sýndi saman á alþjóðlegum vettvangi á árunum 1949 – 1951. Meðal þeirra dönsku listmálara sem gengu til liðs við Cobra voru hjónin Else Alfeld og Carl-Henning Pedersen og aðrir sem höfðu unnið að tímaritinu *Helhesten*, til dæmis Svavar Guðnason. Þessa listamenn dreymdi um nýja alþýðulist, án landamæra og utan allra hefðbundinna múra, langt frá listaskólum, listasöfnum og viðurkenndri fagurfræði. Þeir vildu skapa myndmál, þar sem form og innihald, markmið og aðferðir, ljótleiki og fegurð, teikning og litur, málverk og skúlptúr sameinaðist í krafti sjálfsprottinnar tjáningar. Flestir þeirra voru sjálfsmenntaðir þar sem þeir töldu sig ekki eiga erindi inn í hefðbundna listaskóla.

Sýningin í Listasafni Sigurjóns

Carl-Henning Pedersen og Else Alfeld, sem þroskuðust sem myndlistarmenn á þessum árum, komu til Íslands sumarið 1948, meðal annars til að heimsækja Svavar og Sigurjón, vini sína frá fjórða áratugnum í Kaupmannahöfn. Carl-Henning dvaldi hér á landi í 6 mánuði, en Elsa nokkuð skemur. Þau kepptust bæði við og máluðu fjölda mynda undir áhrifum íslenskrar náttúru, Carl-Henning með olíukrít og Else með vatnslitum. Á sýningunni í Listasafni Sigurjóns getur að líta hluta af þeim myndum sem Carl-Henning og Else Alfeld máluðu á Íslandi þetta sumar, og einnig eftir Svavar Guðnason og höggmyndir eftir Sigurjón Ólafsson frá þessum tíma og sem eru byggðar á svipuðum hugmyndum. Auk þess er á sýningunni syrpa af myndum sem Carl-Henning teiknaði með túss á pappír er hann vann að skreytingu tímaritsins *Helhesten*.